

Föstudaginn 17. mars 1995.

Nr. 74/1995.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Ásgeiri Heiðari Ásgeirssyni og

(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

Jóni Þórarinssyni

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Ákærvald. Niðurfelling saksóknar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Af hálfu ákærvalds var máli þessu skotið til Hæstaréttar með kæru 2. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands, upp kveðinn 1. mars sl., þar sem máli ákærvaldsins á hendur varnaraðilum er vísað frá dómi. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og héraðsdómi „lýst rétt og skylt að halda áfram dómsmeðferð málsins og kveða upp efnisdóm um sakarefni samkvæmt ákæru ríkissaksóknara frá 12. janúar sl.“.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

I.

Fyrir Hæstarétti hefur sóknaraðili greint frá því, að 21. nóvember 1994 hafi embætti ríkissaksóknara borist gögn frá sýslumanninum á Seyðisfirði um lögreglurannsókn á ólögsmætu hreindýrsdrápi varnaraðila. Ríkissaksóknari hafi falið saksóknara við embættið að athuga málið og gera tillögu um afgreiðslu þess, en samkvæmt starfsreglum embættisins og venjum átti að því gerðu að leggja tillöguna fyrir ríkissaksóknara. Vegna mistaka hafi bréf um afgreiðslu málsins, dagsett 16. desember 1994, verið póstlagt til sýslumannsins á Seyðisfirði og varnaraðila, áður en endanlegri athugun málsins var lokið

og án þess að málið væri borið undir ríkissaksóknara. Í bréfinu var tilkynnt, að af hálfu ákærvaldsins væri ekki krafist frekari aðgerða í málinu. Fulltrúi sýslumannsins hafi vakið athygli ríkissaksóknara á bréfinu, og varð honum þá fyrst ljóst, hvernig komið væri. Varnaraðilum hafi verið send símskeyti 22. desember 1994, þar sem greint var frá, að áðurnefnt bréf hafi verið sent þeim vegna mistaka og að þar greind ákvörðun væri afturkölluð. Ákæra hafi svo verið gefin út 12. janúar 1995.

Sóknaraðili rökstyður kröfu sína í þessum þætti málsins með því, að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 19/1991 sé ríkissaksóknari æðsti handhafi ákærvalds. Hann skipti verkum með öðrum ákærendum og geti sett þeim almennar reglur og gefið fyrirmæli um einstök mál, sem þeim beri að hlíta. Hann geti kveðið á um rannsókn máls og mælt fyrir um framkvæmd hennar eða tekið hana eða ákvörðun um málshöfðun í sínar hendur. Í stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 séu engin ákvæði, sem skerði þetta fortakslausu vald ríkissaksóknara. Honum hafi því verið heimilt að grípa til þeirra aðgerða að gefa fyrirmæli um málið og taka ákvörðun um málshöfðun í sínar hendur, þegar honum varð ljóst, hvernig komið væri.

II.

Fyrirnefnt bréf frá embætti ríkissaksóknara til sýslumannsins á Seyðisfirði, sem var sent varnaraðilum í afriti, er svohljóðandi:

„Ríkissaksóknara hafa borist rannsóknargögn, sem fylgdu bréfi yðar, herra sýslumaður, dagsettu 18. nóvember sl., varðandi meintar ólöglegar hreindýraveiðar Ásgeirs Ásgeirssonar . . . og Jóns Þórarinssonar . . . á Fljótisdalsheiði þann 20. október sl.

Með vísan til 2. mgr., f-liðar, 113. gr. og 112. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 er eigi krafist frekari aðgerða í málinu af ákærvaldsins hálfu.

F. h. r.

Björn Helgason.“

Fallast ber á það með héraðsdómara, að telja verði, að varnaraðilum hafi orðið kunnugt um þessa ákvörðun ríkissaksóknara, áður en þeim bárust símskeyti frá 22. desember 1994 um afturköllun hennar.

III.

Umrætt bréf frá 16. desember 1994 er undirritað fyrir hönd ríkissaksóknara og geymir eftir orðanna hljóðan tilkynningu, sem er send í nafni hans. Það er undirritað af starfsmanni, sem telja má, að sé lögum samkvæmt bær vegna stöðu sinnar um að tjá sig í nafni embættis ríkissaksóknara með þeim hætti, sem hér var gert. Þótt ríkissaksóknari hefði á fyrri stigum getað beitt heimild í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 19/1991 til að gefa starfsmanninum fyrirmæli um meðferð málsins og taka í eigin hendur ákvörðun um málshöfðun, þá er ekki fært að líta svo á, að af því leiði rýmri heimild handa ríkissaksóknara til að endurskoða afgreiðslu málsins, eftir að tilkynnt hafði verið um hana í nafni hans, en ef hann hefði staðið að afgreiðslunni sjálfur. Gildir einu í því sambandi, hvort vikið kunni að hafa verið frá innri starfsreglum við embætti ríkissaksóknara, þegar þessi afgreiðsla fór fram.

Af þessum sökum er ekki unnt að fallast á, að það leiði af reglum um skipan ákærvalds, að ríkissaksóknari hafi án frekari skilyrða haft heimild til að afturkalla ákvörðunina, sem saksóknari við embætti hans tilkynnti um í nafni þess, að ekki yrði af saksókn á hendur varnaraðilum.

IV.

Í tilkynningu embættis ríkissaksóknara frá 16. desember 1994 er vísað til 112. gr. og f-liðar 2. mgr. 113. gr. laga nr. 19/1991 um lagastoð fyrir þeim málalokum gagnvart varnaraðilum, að ákærvaldið krefjist ekki frekari aðgerða í málinu.

Í fyrrnefnda ákvæðinu er ráðgert, að ákæranda beri að lokinni rannsókn máls að taka ákvörðun um, hvort af saksókn verði, en telji hann það, sem fram er komið, ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis, láti hann við svo búið standa. Frá ákvörðun um að falla frá saksókn á hendur varnaraðilum á þessum grunni var ríkissaksóknara ekki unnt að hverfa, án þess að fram kæmu ný sakargögn, svo sem leiða má af lögjöfnun frá 3. mgr. 76. gr. laga nr. 19/1991. Óumdeilt er, að engin slík gögn komu fram í málinu á tímabilinu frá 16. til 22. desember 1994. Brast því lagaheimild til að afturkalla ákvörðunina að því leyti, sem stoð fyrir henni var sótt í 112. gr. laganna.

Í síðarnefnda lagaákvæðinu, sem skírskotað er til í umræddu

bréfi, er ríkissaksóknara veitt heimild til að falla frá saksókn, ef sérstaklega stendur á og hann telur, að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar. Í 2. mgr. 26. gr. laga nr. 19/1991 er ráðgert, að unnt sé að hnekkja slíkri ákvörðun ríkissaksóknara með því, að dómsmálaráðherra leiti ákvörðunar forseta Íslands um ógildingu hennar. Á hinn bóginn er hvergi í lögnum tekin afstaða til þess, hvort ríkissaksóknara kunni sjálfum að vera heimilt að hverfa frá ákvörðun sinni. Verður ekki talið, að umrædd 2. mgr. 26. gr. girði fyrir, að ríkissaksóknari geti stuðst við almennar reglur VI. kafla stjórnslulaga til að afturkalla ákvörðun sína um að falla frá saksókn. Í málinu hefur því ekki verið borið við, að ríkissaksóknara hafi verið unnt að afturkalla ákvörðun sína að því leyti, sem hún var studd við f-lið 2. mgr. 113. gr. laga nr. 19/1991, með stoð í 25. gr. stjórnslulaga. Skorti því heimild til þeirrar afturköllunar.

Samkvæmt framangreindu brast ríkissaksóknara heimild til að hverfa frá þeirri ákvörðun, sem varnaraðilum var tilkynnt um í bréfi 16. desember 1994, að ekki væri krafist frekari aðgerða í máli þeirra af ákærvaldsins hálfu. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð, bæði hvað varðar frávisun málsins og sakarkostnað, og dæma verjendum varnaraðila þóknun úr ríkissjóði vegna þessa kærumáls, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Ríkissjóður greiði verjendum varnaraðila, Ásgeiri Þór Árnasyni hæstaréttarlögmanni og Guðmundi Ágústssyni héraðsdómslögmanni, hvorum 35.000 krónur í þóknun.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 1. mars 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 1. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Ólafi Berki Þorvaldssyni, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. S-1487/1994.

I.

Með ákæru, dagsettri 12. janúar 1995, höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur Ásgeiri Heiðari Ásgeirssyni, kt. 201151-7599, og Jóni Þórar-

inssyni, kt. 260760-2389, fyrir meint brot á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 og reglugerð um stjórn hreindýraveiða nr. 402/1994.

Við þingfestingu málsins 17. febrúar sl. kom fram krafa frá verjendum ákærðu um, að málinu skyldi vísað frá dómi og að sakarkostnað, þ. m. t. laun verjenda ákærðu, skyldi greiða úr ríkissjóði. Krafan var í því þinghaldi tekin til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi. Krafan er reist á því, að ríkissaksóknari geti ekki afturkallað ákvörðun um niðurfellingu saksóknar gagnvart ákærðu.

Að lokinni rannsókn málsins hjá lögreglunni á Egilsstöðum sendi sýslumaður rannsóknargögn til ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 18. nóvember sl. Í þeim gögnum var m. a. að finna framburðarskýrslur ákærðu og bréf þeirra til sýslumannsins á Seyðisfirði, þar sem ákærðu gefa sínar skýringar á ætlaðri háttsemi sinni. Með bréfum, dagsettum 16. desember sl., tilkynnti ríkissaksóknari sýslumanni og ákærðu um þá ákvörðun sína, að eigi væri krafist frekari aðgerða í málinu af ákærvalds hálfu og vísaði til 2. mgr., f-liðar, 113. gr. og 112. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Hinn 22. desember sl. sendi ríkissaksóknari hvorum ákærðu svohljóðandi skeyti: „Hér með tilkynnist yður, að bréf þessa embættis til sýslumannsins á Seyðisfirði, dagsett 16. þ. m., varðandi meint ólöglegt hreindýrsdráp yðar og annars nafngreinds manns 20. október sl. á Fljótsdalsheiði var ásamt samriti bréfsins til yðar póstlagt hér við embættið fyrir mistök sl. mánudag (þ. e. þann 19., innsk. dómara), áður en endanlegri athugun málsins var lokið, og er ákvörðun sú, sem þar er tilkynnt, því hér með afturkölluð. Afgreiðsla málsins verður kynnt yður síðar, jafnskjótt og hún liggur fyrir.“

Afrit af nefndum bréfum og skeytum ríkissaksóknara fylgdu ekki gögnum þeim, sem send voru dóminum með ákæru, heldur voru þau lögð fram af verjendum við þingfestingu málsins. Fram er komið í málinu, að frá þeim tíma, er ríkissaksóknari tók ákvörðun um niðurfellingu saksóknar og þar til ákvörðunin var afturkölluð, bárust ekki ný rannsóknargögn í málið.

Telja verður, að ákærðu hafi verið kunnugt um ákvörðun ríkissaksóknara um niðurfellingu saksóknar, er afturköllun ríkissaksóknara á þeirri ákvörðun átti sér stað.

II.

Eins og máli þessu er háttað, verður að rekja nokkuð þær lagagreinar, sem telja verður, að skipti máli við úrlausn þessa máls. Í 114. gr. laga nr. 19/1991 er sérstaklega áréttað, að tilkynna beri hinum kærða ákvörðun um niðurfellingu saksóknar og tiltaka, við hverja lagaheimild sú ákvörðun styðjist. Eins og áður segir, er í bréfi ríkissaksóknara til sýslumanns og

ákærðu ákvörðun um niðurfellingu saksóknar rökstudd með vísan til 2. mgr., f-liðar, 113. gr. og 112. gr. laga nr. 19/1991.

Í 112. gr. segir: „Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli mann til sakar eða ekki. Ef hann telur það, sem fram er komið, ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa, en ella leggur hann málið fyrir dóm skv. 116. gr.“ 113. gr. hefur að geyma ýtarlegar reglur um niðurfellingu saksóknar. Í 2. mgr., f-lið, 113. gr. kemur fram, að falla megi frá saksókn, „ef sérstaklega stendur á og telja verður að almannahagsmunir krefjist ekki málishöfðunar“.

Í 2. mgr. 26. gr. laga nr. 19/1991 segir: „Nú telur dómismálaráðherra að niðurfelling máls af hálfu ríkissaksóknara sé lögum andstæð eða fjarstæð að öðru leyti, og getur hann þá lagt til við forseta Íslands að ákvörðun ríkissaksóknara skuli felld úr gildi. Í því tilviki setur dómismálaráðherra sérstakan saksóknara til að fara með málið.“

Í 2. mgr. 2. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 kemur fram, að ákvæði annarra laga, sem hafa að geyma strangari málsmeðferðarreglur en stjórnisýslulögin mæla fyrir um, skuli halda gildi sínu.

Ákvörðun ríkissaksóknara um niðurfellingu saksóknar var ákvörðun um endalok málsins, og barst ákvörðunin með lögboðnum hætti til vitundar hinum kærðu, sem mótmælt hafa afturköllun á þeirri ákvörðun.

Með hliðsjón af meginreglum stjórnisýsluréttar og m. t. t. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 37/1993, verður ekki séð, eins og á stendur, að til sé önnur heimild til að fella úr gildi ákvörðun ríkissaksóknara um niðurfellingu saksóknar en nefnd 2. mgr. 26. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt framangreindu og með skírskotun til 1. mgr. 128. gr. laga nr. 19/1991 er máli þessu vísað frá dómi. Allan sakarkostnað skal greiða úr ríkissjóði, þ. m. t. laun skipaðra verjenda ákærðu, Ásgeirs Þórs Árnasonar hrl. og Guðmundar Ágústssonar hdl., sem ákveðast hæfileg 35.000 kr. til hvors um sig.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Allur kostnaður af rekstri málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðra verjenda ákærðu, Ásgeirs Þórs Árnasonar hæstaréttarlögmanns og Guðmundar Ágústssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 kr. til hvors um sig.